



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

CLINTONÞINGIÐ Í NEW YORK OG MÁLSTOFUR UM ATVINNUSKÖPUN, EFNAHAGSMÁL OG UMHVERFISVÆNAR BORGIR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tekur í dag, þriðjudaginn 20. september, og á morgun þátt í Clintonþinginu í New York, Clinton Global Initiative, en William J. Clinton, fyrrum forseti Bandaríkjanna, bauð forseta að sækja þingið.

Clintonþingin hafa á undanförunum árum orðið öflugur vettvangur þar sem áhrifafólk víða að úr veröldinni, þjóðarleiðtogar, sérfræðingar, fjölmiðlafólk og fulltrúar almanna- og baráttusamtaka ræða lausnir á brýnum vandamálum.

Forseti Íslands hefur auk þess setið fyrir svörum ásamt dr. Edmund Phelps, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði og prófessor við Columbia háskólann, á leiðtogafundi Blouin stofnunarinnar, Blouin Creative Leadership Summit. Umræðuefni þeirra var sköpun nýrra atvinnutækifæra í kjölfar fjármálakreppunnar. Í kvöld verður svo samræða forseta við Ali Velshi, fréttamann CNN, kjarni lokafundar Blouin þingsins.

Í fyrramálið mun forseti hefja umræður í málstofu Clintonþingsins um hvernig skipulag borga getur byggt á hreinni orku, umhverfisvænni umferð og sjálfbærum lífsháttum, m.a. í ljósi þeirra umbreytinga sem orðið hafa á Íslandi á síðastliðnum áratugum.

Forseti Íslands mun jafnframt sækja fundi og málstofur Clintonþingsins, m.a. um áhrif þess á efnahagslíf, samfélagshætti og náttúru þegar mannkynið verður á næstu áratugum 7-10 milljarðar, um glímuna við skort á heilbrigðisþjónustu, þörfina á nýjum atvinnutækifærum og viðbrögð við náttúruhamförum.

20. september 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).